

Reglur um könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar

1. gr.

Umboð barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar til starfsmanna

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem gilda framfar reglum þessum þegar þeim sleppir.

Starfsmönnum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar er falið umboð til könnunar og meðferðar einstakra mála skv. reglum þessum og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga að undanskildum þeim ákvörðunum sem óheimilt er skv. ákvæðum barnaverndarlaga að framselja til starfsmanna.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

2. gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar

Starfsmenn barnaverndarnefndar sem fara með vinnslu mála skv. reglum þessum skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf, sálfræði, lögfræði eða sambærilegu námi.

Starfsmenn verða að búa yfir hæfni og þekkingu til þess að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar skv. barnaverndarlögum.

Yfirmönnum er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum, sem uppfylla framangreind skilyrði, að vinna ákveðin verkefni fyrir nefndina.

3. gr.

Hæfisreglur

Um starfsmenn gilda hæfisreglur II. kafla stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Starfsmaður barnaverndarnefndar er vanhæfur til að fara með barnaverndarmál við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ef hann er aðili máls, fyrirvarmaður eða umboðsmaður aðila.
- b. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í b-lið.
- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. b-lið, næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.

- e. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

4. gr. Áhrif vanhæfis

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því, sem tekur ákvörðun um hvort starfsmanni beri að segja sig frá málinu.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda málinu í réttu horfi þar til annar starfsmaður tekur við, sbr. 4. gr. stjórnslulaga.

Ef mál tengist einum eða fleiri starfsmönnum barnaverndarnefndar getur sviðsstjóri ákveðið að fela vinnslu þess annarri barnaverndarnefnd.

5. gr. Samstarf milli barnaverndarnefnda

Ef starfsmenn telja hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti unnið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu er þeim heimilt að semja við barnaverndarnefnd þess umdæmis um að málið sé rekið þar.

6. gr. Trúnaðarskylda

Starfsmönnum barnaverndarnefndar ber að gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af vegna starfa sinna.

Starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu er þeir hefja störf.

Trúnaðarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

7. gr. Meginreglur í barnaverndarstarfi

Starfsmenn skulu beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu og skulu hagsmunir barna ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Starfsmenn leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila þeirra og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu.

Starfsmenn skulu gæta samræmis og jafnræðis í störfum sínum og öllum ákvörðunum.

Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu sín á milli, við aðra starfsmenn fjölskyldusviðs og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Starfsmenn skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til íþyngjandi úrræða. Jafnframt skal ávallt miðað við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til íþyngjandi ráðstafana ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

8. gr. Réttindi barna við málsmeðferð

Starfsmenn skulu í störfum sínum taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um könnun máls skal taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu skv. 29. gr. barnaverndarlaga nema barn njóti aðstoðar lögmanns.

9. gr. Skráning

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti, sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Starfsmönnum ber að skrá upplýsingar sem veittar eru munnlega eða þeir fá vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og ekki er að finna í öðrum gögnum.

10. gr. Tilkynningar

Þegar tilkynning berst til barnaverndarnefndar skal skrá nákvæmlega efni hennar og annað sem máli kann að skipta í tölvukerfið.

Vekja skal athygli tilkynnanda skv. 16. gr. barnaverndarlaga á því að honum sé heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnverndarnefnd. Staðfesta skal við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna hennar.

11. gr. Ákvarðanataka

Þegar tilkynning berst eða upplýsingar með öðrum hætti um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni eða af hendi barns, eða að þunguð kona kunnir að stofna heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu með lífernir sínu, skulu starfsmenn taka afstöðu til þess án tafar og eigið síðar en innan

sjö daga frá því að tilkynning eða upplýsingar bárust, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun málsins.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Að jafnaði skal ákvörðun um könnun máls tekin á tilkynningafundi. Ef brýna nauðsyn ber til er starfsmönnum heimilt, að höfðu samráði við yfirmann, að hefja könnun án þess að tilkynningafundur hafi fjallað um málið.

Tilkynna skal foreldrum/forsjáraðilum barns um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

12. gr. Neyðarráðstafanir

Þegar talin er þörf á beitingu neyðarráðstöfunar, skal starfsmaður barnaverndarnefndar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns. Upplýsa skal formann nefndarinnar í öllum tilvikum sem neyðarráðstöfun er beitt.

Leggja skal málið fyrir barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar innan 14 daga hafi ekki tekist samvinna við aðila innan þess tíma.

13. gr. Könnun máls

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um misfellur í aðbúnaði og uppeldi barns, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin, skal málið kannað án tafar. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Könnun starfsmanna skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáiast um hagi þess barns sem í hlut á, tengsl þess við foreldra og aðra, líkamlegt og andlegt ástand þess eða annað sem máli kann að skipta.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og skal henni hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Aflað skal upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Jafnan skal aflað umsagnar skóla eða leikskóla barns eða ungmennis eða annarrar stofnunar þar sem barn eða ungmenni dvelur. Kanna skal heimilisaðstæður barns og rætt við foreldra/forsjáraðila. Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila.

Sé rökstuddur grunur um að aðstæðum barns sé ábótavant og þjóni það hagsmunum barns, er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, s.s. í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð

eða á annan stað þar sem barn dvelst, til að tala við það í einrúmi eða til að fylgjast með hegðun þess.

Ef könnun máls leiðir að mati starfsmanna ekki til aðgerða barnaverndarnefndar skal málið lagt fyrir tilkynningafund til lokunar. Aðilum skal kynntur réttur þeirra til þess að kæra ákvörðun um lokun á þessu stigi til kærunefndar barnaverndarmála, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Leiði könnun hins vegar í ljós að aðgerða sé þörf er málið afhent deildarstjóra sem úthlutar því til starfsmanna til vinnslu.

14. gr. Lögreglurannsókn

Ef grunur er um að brotið hafið verið gegn barni á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er starfsmanni heimilt, að höfðu samráði við deildarstjóra eða lögfræðing barnaverndarnefndar, að óska eftir lögreglurannsókn og leggja fram kæru, með eða án samþykkis forsjáraðila, enda leiki grunur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Eftir atvikum skal haft samráð við og leitað eftir samþykki forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá. Þá skal haft samráð við barn eftir atvikum.

15. gr. Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum

Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli einstaklings, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant, sbr. 35. gr. barnaverndarlaga, skulu starfsmenn kanna mál í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga ef tilkynningafundur telur tilefni til. Skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans um þá ákvörðun og jafnframt um niðurstöður könnunar. Meðferðarfundur tekur ákvörðun um hvort málið skuli lagt fyrir barnaverndarnefnd.

16. gr. Meðferðarfundir

Meðferðarfundir eru sameiginlegir fundir barnaverndarstarfsmanna með deildarstjóra, sálfræðingi og lögfræðingi barnaverndarnefndar, þar sem fjallað eru um einstök barnaverndarmál og vinnslu þeirra, og ákvarðanir teknar um aðgerðir, s.s. efni meðferðaráætlana, hvenær leggja skuli mál fyrir barnaverndarnefnd, hvaða gagna skuli aflað o.s.frv.

17. gr. Meðferðaráætlun

Leiði könnun í ljós að úrræða sé þörf skal gerð skrifleg meðferðaráætlun með foreldrum eða forsjáraðilum og barni sem náð hefur 15 ára aldri. Áætlun skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Þar skal koma fram til hvaða úrræða eða aðgerða skal gripið í þeim tilgangi, hvað foreldrum/for sjáraðilum barns beri að gera í því skyni, og hvaða aðstoð

þau muni fá frá barnaverndarnefnd. Sérstaklega skal meta þörf á samvinnu við þá sem vinna með málefni viðkomandi barns, s.s. leikskóla, skóla og heilsugæslu.

Meðferðaráætlun skal markaður ákveðinn tími og endurskoðuð eftir þörfum. Aðilum er heimilt að kæra ákvörðun um að loka máli þegar tími meðferðaráætlunar er liðinn, til úrskurðarnefndar barnaverndarmála.

Ef ekki tekst samvinna um gerð meðferðaráætlunar skal starfsmaður semja einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða. Áætlunina skal kynna foreldrum/forsjáraðilum og eftir atvikum barni, en hún er ekki háð samþykki þeirra.

18. gr. Þvingunaraðgerðir

Mál skulu lögð fyrir barnaverndarnefnd ef ekki næst samvinna um meðferð máls, úrræði hafa ekki skilað árangri, ástæða þykir til að vista barn utan heimilis, svipta foreldra forsjá, leggja til sjálfræðissviptingu þungaðrar konu, brottvikningu heimilismanns eða nálgunarbann.

Starfsmenn barnaverndarnefndar skulu tilkynna aðilum með hæfilegum fyrirvara að málið verði lagt fyrir barnaverndarnefnd og vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmönnum að vekja athygli aðila á rétti þeirra til lögmannsaðstoðar og möguleika á fjárstyrk í því skyni.

Starfsmenn skulu leggja mál fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma upplýsingar um ástæður fyrirलगnar og tillögur starfsmanns um aðgerðir. Starfsmenn skulu upplýsa aðila um tillögur í greinargerð og afhenda eða senda viðkomandi eintak greinargerðar.

Tilkynna skal aðilum án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar. Jafnframt skulu aðilar upplýstir um kæruheimildir þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

19. gr. Vistanir utan heimilis

Skriflegt samþykki aðila skal liggja fyrir fósturvistun eða annarri vistun barns utan heimilis. Samþykkið skal undirritað í viðurvist tveggja aðila sem votta að aðilum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Barn sem hefur náð 15 ára aldri telst aðili málsins og þarf undirskrift þess vegna ráðstöfunar utan heimilis.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn undir væntanlega ráðstöfun barnsins utan heimilis.

Starfsmenn skulu gera skriflegan fóstursamning við fósturforeldra. Tilgreint skal í fóstursamningi eðli þess stuðnings og eftirlits sem stafs menn hafa með fósturheimili, greiðslur til fósturforeldra, skyldur þeirra og ábyrgð.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Barnaverndarnefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttar eða framkvæmd.

Starfsmenn skulu veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar á meðan á fóstri stendur. Starfsmaður skal hafa eftirlit með fósturheimili og heimsækja a.m.k. einu sinni á ári og oftari ef ástæða þykir til. Starfsmaður skal rita dagál í lok hverrar heimsóknar um líðan og aðstæður barnsins á fósturheimilinu og um hvernig fósturráðstöfun gengur. Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni.

20. gr. Meðferðarheimili

Skriflegt samþykki foreldra/forsjáraðila og barns eldra en 15 ára skal liggja fyrir ef vista skal barn á meðferðarheimili. Að öðrum kosti skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

21. gr. Stuðningsfjölskyldur

Einstaklingur eldri en 23 ára og hjón eða sambylifsfolk geta sótt um að gerast stuðningsaðili eða stuðningsfjölskylda. Starfsmaður skal leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisfulltrúa og eldvarnareftirliti, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal starfsmaður fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal barnaverndarnefnd afgreiða umsóknina með bókun.

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn. Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi, meta starfsmenn hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst auk þess sem starfsmaður skal heimsækja fjölskylduna.

22. gr. Beiðni um aðgang að gögnum og afléttingu nafnleyndar

Lögfræðingur barnaverndarnefndar skal afgreiða beiðni aðila um aðgang að gögnum og beiðni um að nafnleynd sé aflétt af tilkynnanda barnaverndarmáls. Akvörðun um að aflétta nafnleynd skal borin undir barnaverndarnefnd.

23. gr.

Umsagnir skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002

Óski Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar um einstakling eða hjón/sambúðarfólk sem óska eftir að gerast fósturforeldrar skulu starfsmenn annast könnun máls.

Í umsögn starfsmanns skal fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum umsækjenda, s.s. menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra. Sérstaklega skal kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum skv. ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga skv. ákvæðum annarra laga. Upplýsingar úr sakaskrá heimilismanna eldri en fimmtán ára skal liggja fyrir. Þá skal kanna með almennum hætti hvernig skólamálum er háttað í skólahverfi umsækjenda.

Við gerð umsagnar skal fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda. Að lokinni könnun skal starfsmaður skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Gefa skal umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögur. Að því loknu afgreiðir barnaverndarnefnd umsögn með bókun. Bókun nefndarinnar skal send Barnaverndarstofu án tafar.

24. gr.

Umsagnir skv. barnalögum nr. 76/2003

Óski dómari eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjármál er til lykta leitt skulu starfsmenn annast könnun máls. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris sem ekki fer með forsjá þess og ef foreldrar óska eftir að fela þriðja manni forsjá barns með samningi.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæðum og möguleikum foreldra til þess að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað sem máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð. Starfsmaður skal kanna viðhorf barns, nema það geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð þar sem lýst er framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður settar fram. Aðilum máls skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal gera aðilum grein fyrir þeim rétti sínum að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

25. gr.

Umsagnir skv. lögum um ættleiðingar nr. 130/1999

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarnefndar um ættleiðingar. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög. Þá skal koma fram hvort mælt sé með því að ættleiðing verði heimilud eða ekki.

Barnaverndarnefnd afgreiðir umsögn með bókun sem send skal til sýslumanns án tafar.

26. gr.

Boðun aðila á fund barnaverndarnefndar

Aðilar skulu að jafnaði boðaðir á fund barnaverndarnefndar með skeyti eða ábyrgðarbréfi. Í boðun skal koma fram tími og staðsetning fundarins og aðilum leiðbeint um lögmannsaðstoð ef svo ber undir.

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar. Jafnframt falla úr gildi reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar frá 23. maí 2006.

Samþykkt í barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar 10. júní 2014.